INCEPT-blóðsegavörn

Bakgrunnur

Um það bil einn af hverjum tíu gjörgæslusjúklingum fær blóðtappa (blóðsega). Blóðtappar myndast oftast í fótleggjum og geta valdið alvarlegum fylgikvillum. Blóðtappinn getur losnað og borist til lungna, sem getur verið lífshættulegt. Ráðlagt er að gjörgæslusjúklingar fái fyrirbyggjandi meðferð (svokallaða blóðsegavörn) með lyfjum sem þynna blóðið, svokölluðu léttheparíni, til að minnka líkur á blóðtappa. Hins vegar fær einn af hverjum 10–20 gjörgæslusjúklingum blæðingu á meðan á dvöl á gjörgæslu stendur, og blóðþynnandi lyf auka þá áhættu. Því þarf að gæta jafnvægis við notkun slíkra lyfja. Skammturinn þarf að vera nægilega hár til að koma í veg fyrir blóðtappa, en ekki svo hár að blæðingar verði. Við erum ekki viss um hinn fullkomna skammt fyrir gjörgæslusjúklinga, og notkunarskammtar eru mismunandi.

Tilgangur *INCEPT-blóðsegavarnar*

Tilgangurinn er að bera saman áhrif þriggja mismunandi skammta af blóðþynningarlyfjum hjá sjúklingum sem þurfa blóðsegavörn.

Hvaða meðferðir eru rannsakaðar

Aðstandandi þinn hefur annaðhvort fengið blóðþynningarlyf í 1) föstum lágum skammti, 2) föstum meðalskammti, eða 3) skammti sem var stilltur eftir líkamsþyngd. Aðstandandinn fékk meðferðina á meðan viðkomandi var á gjörgæslu. Þú fékkst meðferðina á meðan þú varst á gjörgæslu. Við metum áhrif og öryggi meðferðarinnar samkvæmt almennum upplýsingum, með sérstakri áherslu á blóðtappa og blæðingar. Engar viðbótarprófanir eða inngrip eru framkvæmd umfram hefðbundna gjörgæslumeðferð.

Hugsanlegar aukaverkanir, áhættur og fylgikvillar

Blóðþynnandi lyf eru mjög algeng á gjörgæslu og eru notuð í sömu skömmtum og í rannsókninni. Þau eru því vel þekkt af heilbrigðisstarfsfólki. Algengar aukaverkanir eru blæðingar og erting á stungustað. Mjög sjaldan geta komið fram alvarleg ofnæmisviðbrögð eða fækkun á

blóðflögum (litlum frumum sem hjálpa til við blóðstorku). Aðrar óvæntar aukaverkanir eða fylgikvillar geta komið upp, en það er mjög ólíklegt. Ef það gerist færð aðstandandi þinn viðeigandi meðferð.

Tímalína og fjármögnun

Undirrannsóknin mun standa yfir þar til hægt er að draga áreiðanlegar ályktanir. Lokadagsetning er því ekki ákveðin, en líklega verður það árið 2028.